

Nd. 416. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

90. tölul. í 1. gr. laganna orðist svo:

Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.

Prestssetur: Höfðakaupstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kirkjumálaráðherra er heimilt að taka á leigu eða kaupa prestsseturshús í Höfðakaupstað og leigja eða selja jörðina Höskuldsstaði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni prestsins á Höskuldsstöðum og í samráði við kirkjumálaráðherra.

Um það bil $\frac{2}{3}$ af safnaðarfólki í prestakallinu eru í Höfðasókn, en núverandi prestssetur er nálega á endamörkum prestakallsins.